



PÓRSMÖRK

Stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum

Forsendur deiliskipulags og umhverfisskýrsla



Skipulagsstofnun

Mótt.: - 1. des. 2017

Málnr.



STEINSHOLT

13. febrúar 2015

br. 30.5.2017

Stefnumörkun þessi sem unnin var vegna
Bása, Húsadals og Langadals í Þórsmörk var samþykkt
af sveitarstjórn Rangárpings eystra þann 22. júní 2017

f.h. Rangárpings eystra

Antonken Halldósson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	3
2	ÞÓRSMERKURSVÆÐIÐ	3
2.1	Lýsing	3
2.2	Búsetuminjar, beit og skógarítök	4
2.3	Skógrækt	4
2.4	Upphaf ferðapjónustu	5
3	FYRIRLIGGJANDI STEFNUMÖRKUN OG SKIPULAGSÁÆTLANIR	7
3.1	Katla Jarðvangur	7
3.2	Landsskipulagsstefna 2015-2026	7
3.3	Rammaskipulag Suðurlandis	7
3.4	Aðalskipulag Rangárbings eystra	8
4	FORSENDUR SKIPULAGS	8
4.1	Fornminjar og verndarsvæði	8
4.1.1	Fornminjar	8
4.1.2	Svæði á náttúruminjasrá	9
4.1.3	Hverfisverndarsvæði	9
4.2	Náttúruvá	9
4.3	Rannsóknir á sviði ferðapjónustu	9
4.4	Pjónustusvæði	10
4.5	Samgöngur	11
5	UMHVERFISSKÝRSLA	12
5.1	Markmið	12
5.2	Mat á áhrifum skipulagsins	12
5.3	Umhverfisviðmið	12
5.4	Samanburður valkosta	13
5.5	Niðurstaða	15
6	STEFNUMÖRKUN	15
6.1	Ferðapjónusta	15
6.1.1	Húsadalur	15
6.1.2	Langidalur og Slyppugil	16
6.1.3	Básar	16
6.1.4	Gíggjökull	16
6.2	Samgöngur	16
6.2.1	Vegir	16
6.2.2	Gönguleiðir	16
6.2.3	Reiðleiðir	17
6.2.4	Hjólaleiðir	17
6.2.5	Flugsamgöngur	17
6.3	Upplýsingagjöf og merkingar	17
6.4	Mannvirki	17
6.4.1	Byggingar	17
6.4.2	Lóðir	18
6.4.3	Varnargarðar	18
6.4.4	Stígar / Brýr	18
6.5	Veitur	18
6.5.1	Fráveita	18
6.5.2	Vatnsveita	18

6.5.3	Rafveita	18
6.6	Sorp	18
6.7	Vöktun	19
7	BREYTINGAR AÐ LOKINNI AUGLÝSINGU	19
8	HEIMILDASKRÁ	20

1 INNGANGUR

Þórsmerkursvæðið hefur síðustu áratugi verið ein vinsælasta náttúruperla landsins og hefur gestum fjölgað þar ár frá ári. Ferðapjónusta er mikilvæg atvinnugrein í Rangárþingi og hefur þjónusta við ferðamenn verið í Þórsmerk frá því um miðja síðustu öld. Það svæði sem nefnt er Þórsmerk eða Þórsmerkursvæðið í þessari stefnumörkun tekur í raun yfir nokkra afrétti; Þórsmerk, Goðaland, Stakkholt og Steinsholt. Þessir afréttir eru þjóðlenda skv. dómi Héraðsdóms suðurlands (2007) og síðar Hæstaréttar (2007) ásamt Almenninum, Teigstungum, Múlatungum og Merkurtungum.

Samhliða almennri stefnumörkun fyrir Þórsmerkursvæðið vinnur sveitarfélagið Rangárþing eystra að deiliskipulagi fyrir ferðapjónustustaði í Húsadal, Básam, Langadal og Slyppugili. Gert verður ráð fyrir göngubrú yfir Markarfljót við Húsadal.

Ferðapjónustuaðilar eru með rekstur á þessum svæðum. Í tæpa öld hefur Skógrækt ríkisins haft umsjón með svæðinu og unnið að verndun þess og endurheimt birkiskóga. Þórsmerk er, eins og sveitarfélagið allt, innan Kötlu jarðvangs, eins og nánar er greint frá í kafla 3.1.

Greinargerð þessi er heildarstefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum fyrir allt Þórsmerkursvæðið. Svæðinu er lýst og helstu þáttum stefnumörkunar eru settir fram á uppdrætti sem m.a. sýnir afmörkun deiliskipulagssvæða og tengingar milli staða, s.s. helstu vegi, göngu- og reiðleiðir auk reiðhjólaleiða. Þannig er horft til svæðisins sem heildar og á innbyrðis afstöðu þjónustustaðanna.

Markmið sveitarfélagsins með skipulagi svæðisins er að stuðla að góðri umgengni og fyrirbyggja átroðning, en um leið að bæta enn frekar þjónustu við ferðamenn, samhliða því að skapa ný atvinnutækifæri.

Hvert deiliskipulag felur í sér nánari skilgreiningu þjónustusvæða, sýnir m.a. lóðir, byggingareiti og skilmála/kvaðir á lóðum. Í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða, er gerð umhverfisskýrsla þar sem lagt er mat á mismunandi valkosti með kerfisbundnum hætti. Gerð er grein fyrir áhrifum deiliskipulagstillagna á helstu umhverfispætti á hverju þjónustusvæði fyrir sig. Áætlað er að tillögurnar fylgist að í skipulagsferli, eftir því sem hægt er.

Ekki er til staðfest deiliskipulag fyrir svæðið. Rekstraraðilar á svæðinu höfðu frumkvæði að skipulagsgerð fyrir Þórsmerkursvæðið og vann Landform ehf tillögur, í samráði við rekstraraðilana, sem kynntar voru fyrir sveitastjórn 2010.

Árið 2010-2011 unnu "Vinir Þórsmerkur" tillögu sem sýndi göngubrú yfir Markarfljót yfir í Húsadal. Þessi tillaga var einnig undirbúin af Landform ehf.

Stefnumörkun og deiliskipulag er í samræmi við aðalskipulag Rangárþings eystra 2012 – 2024.

Landsskipulagsstefna 2015-2026 var samþykkt á Alþingi í mars 2016.


Fyrir liggur sérstakt Rammaskipulag fyrir Suðurlandi, samþykkt af Skaftárhreppi, Rangárþingi ytra og Rangárþingi eystra og er þessi stefnumörkun í samræmi við þá sýn sem þar er kynnt.

Lýsing vegna deiliskipulags fyrir Þórsmerkursvæðið var auglýst í október 2013.

2 ÞÓRSMERKURSVÆÐIÐ

2.1 LÝSING

Í Þórsmerk eru miklar andstæður í náttúrunni. Svæðið einkennist annars vegar af mikilli gróðursæld, þéttvöxnu kjarri, skógum og grösugum dölum með ám og lækjum og hins vegar af gróðurryrjum auðnum, áreyrum og fjöllum þar sem þó má víða finna nýgræður með birki. Svæðið er undir miklum áhrifum jökla og eldfjalla; Eyjafjallajökull er á suðurjaðri Þórsmerkur og að austanverðu er Mýrdalsjökull.



Mynd 1. Yfirlitsmynd af Þórsmerkursvæðinu. Rauðir hringir sýna grófa afmörkun deiliskipulagssvæða.



Myndir 2. Básar til vinstri, séð yfir Krössá að Langadal í miðrið og Gígjökull til hægri.

2.2 BÚSETUMINJAR, BEIT OG SKÓGARÍTÖK

Þórsmörk var numin á landnámsöld, greint er frá landnámi hennar í Landnámu og var landið helgað guðinum Þór. Sjá nánar í kafla 4.1.1 um fornminjar.

Hákon Bjarnason vann greinargerð árið 1961 um aðdraganda friðunar í Þórsmörk og þar kemur m.a. fram að lengi vel var Þórsmörk og Goðaland nýtt til beitar en hefð hafði skapast fyrir því að búlausir menn fengu að nýta svæðið. Einnig héldu menn sel í Þórsmörk og um tíma var svæðið nýtt til beitar fyrir nautgripi. Í margar aldir höfðu Oddakirkja á Rangárvöllum og Breiðabólstaðaprestakall í Fljótshlíð skógarítök og umsýslu á Þórsmerkursvæðinu. Umsýslu önnuðust síðar viðkomandi hreppar; Fljótshlíðarhreppur og V-Eyjafjallahreppur.

2.3 SKÓGRÆKT

Heimildir eru fyrir því að fram af 19. öld hafi Þórsmerkursvæðið verið gróskumikið og skógi vaxið og örnefni á svæðinu eins og Fagriskógur bera þess glöggt vitni. Talsvert öskufall varð á svæðinu í tengslum við Kötlugosið 1918 og telur Hákon Bjarnason (1961) að bæði ágangur búfjár og uppfok vegna ösku hafi gert það að verkum að talað var fyrir friðun á svæðinu og gengu þar fremstir í flokki Árni Einarsson í Múlakoti, Einar Sæmundsen skógarvörður og Agnar Kofoed-Hansen. Árið 1920 fékk Skógrækt ríkisins, með heimild bænda úr Fljótshlíð, endurgjaldslaust afhentan „... beitrétt, að því tilskyldu að landsstjórnin sjái sér fært að girða skóginn í Þórsmörk með fjárheldri girðingu fyrir almannafé og að skógræktarstjórnin taki að sér, þegar girðingin væri komin, að annast smölun að haustlagi á því fé, sem inn kynni að smjúga ...“ (Erlendur Þórðarson, 1920). Þessi gjörningur var gerður í samráði við Dóms og kirkjumálaráðuneytið og biskup Íslands. Samkæmt Böðvari Guðmundsyni (án ártals) var upphafleg girðing Skógræktarinnar girt árið 1927 og friðaði sú girðing stærstan hluta Þórsmerkur og Goðalands, auk Teigstungna og fleiri afrétta austast í Þórsmörk. Gerður

var samningur um afréttargirðingu sem girt var skammt innan við Gígjökul árið 1990 sem stækkaði svæðið enn frekar. Samningurinn var gerður milli Landgræðslunnar og Skógræktarinnar annars vegar og Vestur-Eyjafjallahrepps hins vegar.

Skógrækt ríkisins hefur haft yfirumsjón með Þórsmörk frá því hún var girt af og skv. Hreini Óskarsyni (án ártals) skógarverði hefur megin þungi vinnu margra áratuga falist í að tryggja girðingar og friðun. Einnig var plantað út bæði erlendum barrvið og innlendum kvæmum en skógurinn er að mestu sjálfsprottinn. „Talið er að birkilendi og lávaxið kjarr hafi þakið rúmlega 300 ha lands við upphaf beitarfriðunar á Þórsmarkursvæðinu, en úttekt sem gerð var á útbreiðslu birkis á svæðinu árið 2011 sýndi að skógar hafa breiðst yfir 1250 ha lands og finnast stök sjálfsáð birkitré á um 400 ha lands“ (Hreinn Óskarsson, án ártals).

2.4 UPPHAF FERÐAÞJÓNUSTU

Þórsmarkursvæðið er í dag eitt vinsælasta útivistarsvæði landsins, náttúruperla sem er þekkt fyrir fjölbreytileika og fegurð. Í árbók Ferðafélags Íslands 1972 kemur fram að ferðalög í Þórsmörk megi rekja langt aftur í tímann. Menn fóru þangað til náttúruskoðunar, viðartekju eða fjárleita en frá því um miðja 19. öld fór fólk að ferðast þangað og í vaxandi mæli eftir að bifreiða naut við¹. Þórður Tómasson (2012) skrifar um fyrstu bílferðina sem var farin frá Dalsseli inn í Húsadal árið 1935. Farið var á milli vatna, þ.e. ekki þurfti að fara yfir jökulá á þeirri leið. Bíslóði var síðar ruddur upp frá Merkurbæjum. Eftir að akfært varð inn í Mörk fóru ferðaþjónustuaðilar að huga að því að byggja upp aðstöðu á svæðinu.

Aðrir aðilar s.s. útivistarfélag sem komið höfðu sér upp aðstöðu á Þórsmarkursvæðinu lögðu til vinnu við uppgræðslu (Böðvar Guðmundsson, án ártals). Þó svo skógræktin hafi verið með einhverja þjónustu við ferðafólk áður fyrr dró hún sig smám saman út úr því og eftirlét ferðaþjónustuaðilum að koma sér upp aðstöðu á svæðinu. Skógræktin var samt áfram umsjónaraðili á Þórsmarkursvæðinu.



Mynd 3. Til vinstri eru skálar Ferðafélags Íslands í Langadal. Til hægri er aðstaða Farfugla í Slyppugili.

Langidalur gengur inn í sunnanverða Þórsmörk til norðvesturs en Slyppugil til norðausturs og opnast út á aura Krossár. Í Langadal eru gistiskálar í eigu Ferðafélags Íslands, tjaldsvæði, aðstöðuhús og hús fyrir starfsfólk. Í Slyppugili er tjaldsvæði og aðstöðuhús í eigu Farfugla.

Ferðafélag Íslands byggði Skagfjörðsskála í Langadal árið 1954 og fyrstu árin var þjóðskáldið Jóhannes úr Kötlum skálavörður yfir sumartímann². Ferðafélagið hefur haldið úti umsjón á svæðinu síðan 1955.

Farfuglar hafa með samþykki Skógræktar ríkisins unnið að landbótum frá því snemma á 20. öld, m.a. með plöntun og uppgræðslu í Slyppugili og hafa einnig haldið úti tjaldsvæði og þjónustu í kringum það³.

¹ (Gestur Guðfinnsson, 1972).


² (Þórður Tómasson, 2012).

³ (Gestur Guðfinnsson, 1972).

Hinn eiginlegi Húsadalur gengur inn í vestanverða Þórsmörk og opnast út á víðlendar eyrar Markarfljóts, sem nú eru að miklu leyti uppgrónar. Dalurinn er víði vaxinn og ein vinsælasta gönguleiðin á svæðinu liggur um Húsadal yfir í Langadal. Í Húsadal eru gistiskálar/smáhýsi, tjaldsvæði ásamt aðstöðu auk þjónustuhúss þar sem er verslun og veitingasala. Einnig eru þar hús fyrir starfsfólk en alls eru skráðar 17 byggingar í skrá Fasteignamats ríkisins. Í Húsadal er flugbraut, Of-603. Austurleið ehf kom sér upp aðstöðu í Húsadal á 8. áratugnum og hélt uppi áætlunarferðum þangað yfir sumarmánuðina (Þórður Tómasson, 2012). Austurleið seldi síðar húsakostinn og aðstöðu. Nú er Ferðafélag Íslands eigandi aðstöðunnar.

Básar í Goðalandi eru við norðurenda einnar vinsælustu gönguleiðar landsins, um Fimmvörðuháls. Þá liggur akvegur í Bása austan Markarfljóts og Krossár.

Aðgengi að svæðinu er nokkuð gott eftir að vorleysingum lýkur og minnkað hefur í ám. Þrátt fyrir það getur ávallt vaxið í ám í rigningum og við bráðnun á hlýindadögum og árnar þá verið hættulegar öllum farartækjum. Svæðið liggur fremur lágt, eða í um 250 m hæð yfir sjávarmáli og því er oft fremur snjólétt fram eftir vetri. Oft má komast inn í Bása á vetrartíma enda vatnsföll þá að jafnaði vatnslítil. Í Básum er aðstaða fyrir skálavörð, tveir gistiskálar, snyrtingar, tjaldsvæði og aðstaða því tengd - allt í umsjá Útivistar. Útivist hóf uppbyggingu í Básum á áttunda áratugnum.



Mynd 4. Hluti aðstöðunnar í Básum. Byggingar falla vel að svæðinu.

Gígjökull er skriðjökull sem á upptök sín í gíg Eyjafjallajökuls og fellur fram á láglendið til norðurs. Svæðið í kringum Gígjökul er merkilegt á heimsmælikvarða. Mörg jarðfræðifyribæri, sem hafa þróast í tímans rás, ber fyrir augu á svæðinu.

Gríðarlegar breytingar hafa orðið á svæðinu síðasta áratuginn, jökullinn hefur hopað og jökulflóð hafa átt sér stað í kjölfar eldgosa í Eyjafjallajökli – síðast árið 2010. Jökullón sem var framan við Gígjökul hvarf í kjölfarið og miklir jarðvegsflutningar hafa átt sér stað.



Mynd 5. Til vinstri er vestari jökulgarður Gígjökuls séður frá akstursleið inn að Gígjökli. Í miðrið er mögulegur staður fyrir bílastæði á vestari jökulgarði. Til hægri er útsýnisstaður skammt suður af mögulegu bílastæði og merkt gönguleið inn með jökulgarði.

Allt frá því á 7. áratugnum hafa menn haft áhyggjur af átroðningi á svæðinu af völdum ferðamanna og ófullnægjandi stýringar í þeim efnum. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og margir aðilar komið að uppbyggingu stígakerfa o.fl.. Þórsmörk er hluti Þjóðskóga en hugtakið var tekið upp árið 2008 yfir svæði í eigu og/eða umsjá Skógræktar ríkisins⁴.

3 FYRIRLIGGJANDI STEFNUMÖRKUN OG SKIPULAGSÁÆTLANIR

3.1 KATLA JARÐVANGUR

Katla-jarðvangur var stofnaður árið 2010 sem sjálfseignarstofnun og nær yfir allt land þriggja sveitarfélaga; Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps. Flatarmál jarðvangsins er um 9.500 km² eða rúm 9% af flatarmáli Íslands.

Megin tilgangur með stofnun jarðvangsins er að vernda og nýta jarðfræði- og menningarminjar svæðisins, í þágu sjálfbærrar þróunar og eflingar byggðar⁵. Hugtakið jarðvangur (Geo-Park) er alþjóðlegt viðmið þar sem lögð er áhersla á skýra stefnu um sjálfbæra þróun á ákveðnu svæði. Jarðvangur byggir á að náttúrutengd ferðaþjónusta, staðbundin framleiðsla og efnahagsleg framþróun sé höfð að leiðarljósi. Ætlunin er að sveitarfélögin vinni markvisst að uppbyggingu innviða og gerð upplýsinga- og fræðsluefnis í samstarfi við aðra hagsmunaaðila. Þannig er með jarðvanginum stuðlað að öflugum markaðsstarfi innanlands sem utan og eflingu atvinnulífs og stoðkerfa samfélagsins.

3.2 LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Seint á vinnslutíma aðalskipulagstillögunnar, í mars 2016, samþykkti Alþingi landsskipulagsstefnu sem ætlað er að marka stefnu ríkisins 2015 – 2026. Landsskipulagsstefna markar m.a. stefnu um skipulag á miðhálandi Íslandsí landsskipulagsstefnu er gert ráð fyrir þjónustusvæðum í Básun, Langadal og Húsadal auk svæðis við Fagraskóg, nokkru austan við Gígjökul. Þessi þjónustusvæði eru flokkuð sem skálasvæði.

3.3 RAMMASKIPULAG SUÐURHÁLENDIS

Árin 2011–2014 var unnin samræmd stefnumörkun í skipulags- og byggingarmálum fyrir Suðurhálandið, sem tekur einkum til ferðaþjónustu og samgangna. Þessi stefnumörkun nefnist; Suðurhálandið - Rammaskipulag fyrir Rangárþing ytra, Rangárþing eystra og Skaftárhrepp. Samstarfsaðilar í þessari vinnu voru ofangreind sveitarfélög. Á vegum þeirra og í samráði við fjölmarga hlutaðeigandi hagsmunaaðila var skipulagið unnið með hliðsjón af skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Rammaskipulagið var samþykkt í sveitarstjórnunum þessara þriggja sveitarfélaga í desember 2013 og janúar 2014.

Niðurstaða rammaskipulagsins er að í Húsadal verði miðstöðvasvæði og að þar verði byggð upp öflug þjónusta fyrir ferðamenn. Gert er ráð fyrir að hluti uppbyggingar verði norðan Markarfljóts. Forsenda þess er að öflug göngubrú verði byggð yfir Markarfljót og gerður verði heilsársvegur frá Fljótshlíðarvegi að norðurenda brúarinnar. Við norðurenda göngubrúarinnar er stefnt að því að byggja upp þjónustu og að þar verði tenging við almenningssamgöngur, en einnig verði þar bílastæði fyrir einkabíla. Rammaskipulagið gerir ráð fyrir fjallaseli í Langadal/Slyppugili og einnig við Gígjökul. Þá verður áfram skálasvæði í Básun. Samhliða frekari uppbyggingu þjónustustaða gerir rammaskipulagið almennt ráð fyrir meiri fræðslu og upplýsingagjöf fyrir ferðamenn, samhliða því að bæta göngustíga og leiðir um hálandið⁶.

⁴ (Garðar Jónsson & Sigurður Blöndal, 1975; Hreinn Óskarsson, án ártals; Pröstur Eysteinnsson, 2008).

⁵ Sjá nánar á: www.jardvangur.is

⁶ (Steinsholt sf., 2014).

3.4 AÐALSKIPULAG RANGÁRÞINGS EYSTRA

Í Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024, eru þjónustusvæði í Básum, Langadal/Slyppugili, Húsadal og við Gígjökul skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, öll sem skálasvæði og er það í samræmi við landsskipulagsstefnu. Þá er gert ráð fyrir heilsársvegi inn að göngubrú við Húsadal og gert ráð fyrir fjallaseli við norðurenda brúar. Að öðru leyti er skipulagssvæðið skilgreint sem óbyggt svæði og verndað í flokki hverfisverndar.

4 FORSENDUR SKIPULAGS

Forsendur skipulags á svæðinu eru m.a. úr Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 – 2024 og úr Rammaskipulagi Suðurlandshélandsins. Einnig gögn frá Hagstofu Íslands.

4.1 FORNMINJAR OG VERNDARSVÆÐI

4.1.1 Fornminjar

Fornleifastofnun Íslands hefur unnið að skráningu fornminja í Þórsmörk en vinna við aðalskráningu fornminja stendur yfir í sveitarfélaginu. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar eru engar þekktar fornminjar innan deiliskipulagssvæðanna. Hins vegar er merkar minjar að finna á Þórsmörkumsvæðinu og eru þær sýndar á yfirlitsupprætti.

Greint er frá landnámi í Þórsmörk í Landnámu; „Ásbjörn Reykrételsson og Steinninnur bróðir hans námu land fyrir ofan Krossá og austan Fljóts. Ásbjörn helgaði það þór og nefndi Þórsmörk“ (Þórður Tómasson, 2012:123). Eitthvað hefur sérfræðinga greint á um hvort þeir bæir hafi verið þar, eins og greint er frá í Njálu en í öllu falli er búsetuminjar að finna á nokkrum stöðum í Þórsmörk og að minnsta kosti húsarústir á þremur stöðum⁷. Fundist hafa merkir munir í rústum á Almenninum, nánar tiltekið á Kápu og eru þar taldir vera Steinninnssstaðir hinir fornu⁸. Getið er um Þuríðarstaði sem afkomandi Ásbjörns mun að líkindum hafa búið á en það forna býli er talið hafa verið utarlega í Húsadal. Þá eru heimildir um að tveir bændur gerðu tilraun til búsetu í Húsadal í upphafi 19. aldar en hurfu frá eftir einungis tveggja ára búskap þar⁹.

Nr.	Lýsing
RA: 615.003	Þuríðarstaðir – bæjarstaði. (Fornleifastofnun 2005).
RA: 615.004	Ásbjarnarstaðir (Þuríðarstaðir efri) – bæjarstaði.
RA: 615.005	Húsadalur – bæjarstaði, síðast búið þar 1802-03 (Þórður Tómasson bls.:145).
RA: 615.013	Múlaból – hellir / áfangastaður.
RA: 615.016	Upplýsingar vantar.
RA: 615.018	Upplýsingar vantar.
RA: 615.019	Upplýsingar vantar.
RA: 615.021	Upplýsingar vantar.
RA:615.023	Upplýsingar vantar.
RA: 616:001	Steinninnssstaðir – uppblásin rúst á Kápu (Þórður Tómasson bls. 132).
RA:	Rúst í Bæjaröldu - minjar um hleðslu og gjallmolar (Þórður Tómasson bls. 139).

⁷ (Gestur Guðfinnsson, 1972; Guðrún Sveinbjarnardóttir, 1982).
⁸ (Hákon Bjarnason, 1961).
⁹ (Þórður Tómasson, 2012).

4.1.2 Svæði á náttúruminjaskrá

Þórsmörk er á náttúruminjaskrá nr. 714; „Þórsmörk, Almennningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum. Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði“ (Umhverfisstofnun, án ártals).

4.1.3 Hverfisverndarsvæði

Hverfisverndarsvæði er skilgreint í Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2003-2015 og í Rammaskipulagi fyrir Suðurlandshálendið er gert ráð fyrir hverfisverndarsvæði. Ekki hafa verið samþykkt ákvæði fyrir hverfisvernd á grundvelli Rammaskipulagsins en í Aðalskipulagi Rangárþings - eystra 2012 – 2024¹⁰ eru helstu ákvæði:

- Hefðbundnar nytjar, svo sem beit og veiðar haldast eins og verið hefur.
- Mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki og þess jafnan gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar á umhverfi og lífríki og kostur er.
- Þurfi að reisa mannvirki s.s. fjallaskála, gangnamannaskála, neyðarskýli, fjarskiptastöðvar eða aðrar sambærilegar byggingar á svæðinu, skal það gert samkvæmt ákvæðum um slíkar byggingar í aðalskipulagi, í samræmi við deiliskipulag.

4.2 NÁTTÚRUVÁ

Meginleiðin inn í Þórsmörk liggur um Þórsmörkurveg (nr. 249), af Suðurlandsvegi rétt austan Markarfljótsbrúar og liggur hún allt inn í Bása. Þegar komið er inn fyrir byggð við Stóru-Mörk geta ár orðið ófærar vegna vatnavaxta á hvaða árstíma sem er. Þetta getur einnig átt við um læki á þessari leið. Skapar það í raun stöðuga hættu fyrir þá ferðamenn sem fara akandi í Þórsmörk.

Veður geta skapað hættu á öllum árstímum, sérstaklega fyrir göngufólk á þeim leiðum sem hæst liggja, s.s. yfir Fimmvörðuháls.

Lögreglustjórinn á Hvolsvelli hefur, unnið áhættuskoðun fyrir sveitarfélögin í Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu í samvinnu við Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra¹¹. Matið var aðallega unnið vegna hættu sem stafar af eldgosum og jökulhlaupum frá vestanverðum Mýrdalsjökli og Eyjafjallajökli. Því er um að ræða áhættugreiningu vegna hugsanlegra hlaupa í tengslum við gosin. Samkvæmt þessum athugunum stafar alltaf einhver hættu af ofangreindri náttúruvá. Farsímasamband á svæðinu er mikilvægt, ekki síst vegna rýmingaráætla.

Flóð og breytileiki vatnsfarvega skapar óstöðugleika á aurunum samhliða því sem það spillir grónu landi og vegum og getur ógnað öðrum mannvirkjum á svæðinu. Landgræðslan og Vegagerðin hafa gert fjölmarga varnargarða og bakkavarnir beggja vegna Markarfljóts og einnig með öðrum vatnsföllum, s.s. Krossá. Bakkavarnir eru til að verja land, vegi og önnur mannvirki. Varnargarðar eru framkvæmdaleyfisskyldir. Þeir varnargarðar sem nú eru við árnar eru auðkenndir á yfirlitsupprætti og verða sýndir til skýringar á deiliskipulagsupprættum.

4.3 RANNSÓKNIR Á SVIÐI FERÐAÞJÓNUSTU

Unnar hafa verið úttektir og rannsóknir um ferðamennsku á hálendi Íslands, þ.á.m. í Þórsmörk. Samkvæmt Oddnýju Þóru Óladóttur, (2012) komu um 5% ísl. ferðamanna (um 14.000) í Þórsmörk og um 13,5% erlendra ferðamanna (um 75.000). Þá hafa verið gerðar umferðatalningar á Þórsmörkurvegi en nánar er greint frá rannsóknum í Rammaskipulagi Suðurlandshálendisins¹².


Samkvæmt Rögnvaldi Guðmundssyni (2012) er áætlað að tæplega 90.000 manns hafi komið í Þórsmörk árið 2012 en þær tölur byggja að mestu á könnun meðal brottfararfarþega í Leifsstöð og könnunum meðal Íslendinga.

¹⁰ (Rangárþing eystra & Teiknistofa Arkitekta - Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., 2014).

¹¹ (Guðrún Jóhannesdóttir, 2011).

¹² (Steinsholt sf., 2014).

Hagstofa Íslands heldur utan um tölulegar upplýsingar í ferðapjónustu, m.a. fjölda gistinguáttanna á landinu. Gistinguáttum á hálendissvæðum sveitarfélagsins¹³ hefur fjölgað nokkuð stöðugt síðustu ár, ef undan er skilið gosárið 2010. Heildarfjöldi gistinguáttanna sem var árið 2011 um 19.500 gistinguáttur var komið í rúmlega 29.900 árið 2012. Af um 60.000 gistinguáttum á hálendi Íslands, árið 2011, eru um 2/3 hlutar þeirra innan Rangárbings eystra og Rangárbings ytra en þau sveitarfélög eru með um þriðjung hvort af heildargistingu á hálendi Íslands¹⁴. Sjá má á Mynd 6 að gisting á Þórsmörkarsvæðinu er að jafnaði um og yfir 80% af skálagistingu í sveitarfélaginu. Ætla má að Botnar og e.t.v. Fimmvörðuháls séu með stærsta hluta þeirra 20% sem eftir standa. Samkvæmt upplýsingum frá ferðapjónustuaðilum á svæðinu¹⁵ eru gistinguáttaleikar í húsum á Þórsmörkarsvæðinu fullnýttir á annatíma. Af þeirri ástæðu er augljós þörf á nýjum gistinguáttaleikum til að byggja upp frekari þjónustu á svæðinu.



Mynd 6. Fjöldi gistinguáttanna í skálum í Þórsmörk (í Básu, Langadal og Húsadal) sem hlutfall af heildargistingu í fjallaskálum í Rangárbingi eystra. (Það vantar tölur varðandi skála utan Þórsmörkur árin 2007 og 2008).

4.4 ÞJÓNUSTUSVÆÐI

Hér eru þjónustusvæðin skilgreind á sama hátt og gert var í Rammaskipulagi Suðurráhlendisins. Þar eru markaðar meginlínur varðandi landnýtingarþætti er snúa að samgöngum og þjónustu við ferðamenn. Um þjónustusvæði eru eftirfarandi skilgreiningar notaðar:

	Lýsing
Miðstöðvasvæði	Staðir sem eru við meginleiðir og eru opnir stærstan hluta ársins, eða allt árið. Alhliða þjónusta er á staðnum þ.e. gisting, veitingar, verslun og jafnvel tjaldsvæði. Gert er ráð fyrir alhliða upplýsingagjöf í miðstöðvum og að einnig geti þær þjónað sem upplýsingamiðstöðvar fyrir ákveðin landsvæði.
Skálasvæði	Stök hús eða húsabyrping sem hefur góða tengingu við almenna vegi og eru opin hluta úr ári. Gert er ráð fyrir skálagistingu og jafnvel tjaldsvæði og veitingasölu. Starfsfólk er á slíkum svæðum meðan staðurinn er opin.
Fjallasel	Stök hús eða nokkur saman. Getur staðið utan alfaraleiða en þó alltaf í vegasambandi. Hús eru opin eða aðgengileg a.m.k. hluta úr ári og í flestum tilfellum er gert ráð fyrir gistingu. Stundum eru starfsmenn á slíkum svæðum eða a.m.k. reglulegt eftirlit meðan staðurinn er opin.

¹³ Þá er átt við Tindfjöll, Emstrur, Þórsmörkarsvæðið og Fimmvörðuháls.

¹⁴ (Hagstofa Íslands, 2013).

¹⁵ Samkvæmt munnlegum heimildum rekstaraðila í Húsadal og Básu 2012.

Gert er ráð fyrir að lóðir verði að jafnaði ekki stærri en 1 ha. Lóðum sé úthlutað til ferðapjónustu- og eftirlitsaðila. Þá er stefnt að samræmingu á útliti bygginga og að þær séu felldar sem best að landslagi.

Í aðalskipulagi Rangárbings eystra 2012-2024 er gert ráð fyrir að hægt sé að útbúa áningastaði og að á þeim geti verið allt að 20 m² þjónustuhús, upplýsingaskilti, borð og bekkir, án þess að sérstaklega sé gerð grein fyrir þeim í aðalskipulagi.

4.5 SAMGÖNGUR

Vegir

Vegir eru skilgreindir eins og gert er í Rammaskipulagi Suðurrhálendisins en þar er vegum á hálendi skipt í þrjá meginflokka:

	Lýsing
Heilsársvegir	Heilsársvegir eru vegir sem eru opnir eða a.m.k. hægt er að halda opnum allt árið. Vegir eru eitthvað uppbyggðir og í flestum tilfellum hannaðir fyrir 70 - 90 km hámarkshraða. Allar ár og lækir eru brúaðar og vegir lagðir slitlagi eða malarbornir og reglulegt eftirlit haft með þeim. Þessir vegir eru færir öllum bílum yfir sumarið.
Sumarvegir	Sumarvegir eru vegir sem eru færir rútum og fjórhjóladrifnum bílum. Hættulegar og djúpar ár eru brúaðar en lækir og minni ár með jafnt rennsli óbrúaðar. Vegir geta verið lítillega uppbyggðir og lagðir slitlagi m.a. til að lengja endingartíma og til að draga úr rykmengun. Opnast snemmsumars (maí/júní) og lokast í fyrstu snjóum.
Slóðar	Torfærir vegir, henta stórum bílum, vélhjólum, fjórhjólum og óbreyttir jeppar ættu almenn að komast þessar leiðir. Ár eru óbrúaðar og einungis malarborið þar sem hættu er á úrennsli eða gróðurskemmdum og sett ræsi í undantekningartilfellum.

Fram kemur í rannmaskipulaginu að stefnt sé að því að lengja opnunartíma vega, eftir því sem kostur er og að vegir verði bættir með öryggishagsmuni í huga. Uppbygging vegakerfisins taki þó einkum mið af sumarumferð.

Gönguleiðir

Rammaskipulagið skiptir gönguleiðum í þrjá flokka:

- Meginleiðir, sem eru að jafnaði stikaðar.
- Aðrar gönguleiðir.
- Leiðir á helstu fjöllum.

Gert er ráð fyrir að leiðir verði hnitsettar og að leiðarlýsing og GPS-ferlar séu aðgengilegir, t.d. á heimasíðum sveitarfélaganna og hjá upplýsingamiðstöðvum.

Reiðleiðir

Í Rammaskipulagi Suðurrhálendisins er gert ráð fyrir að takmarka fjölda hesta í ferðum um hálendið, að jafnaði séu ekki fleiri en 2-4 hestar á hvern knapa og ekki fleiri en 50-80 hestar í ferð.

Gert er ráð fyrir að sett verði upp áningarhólf við reiðleiðir og leiðbeiningarskilti auk þess sem reiðleiðir verði hnitsettar og gerðar aðgengilegar. Leitast er við að reiðleiðir fylgi ekki meginleiðum göngufólks, reiðhjólafólks eða fjölfarnari akstursleiðum.

Reiðhjólaleiðir

Hjólreiðar er mikilvægur liður í sjálfbærri ferðamennsku og um áhugverðan markhóp er að ræða¹⁶. Reiðhjól geta, við ákveðnar aðstæður, skemmt göngustíga séu þeir ekki byggðir upp með hjólreiðar í huga.

¹⁶ (Eva Dís Þórðardóttir & Gísli Rafn Guðmundsson, 2014).

Flugumferð

Samkvæmt núverandi reglum er óheimilt að fljúga undir 500 fetum, þ.e. um 150 m, nema við flugtak eða lendingu. Ekki er heimilt að lenda nema með heimild landeiganda. Landeiganda er einnig heimilt að takmarka yfirflug á ákveðnum tímum s.s. á varptíma skv. reglugerð um flugvelli nr. 464/2007.

5 UMHVERFISSKÝRSLA

5.1 MARKMIÐ

Með gerð deiliskipulags fyrir Þórsmerkursvæðið er markmið sveitarfélagsins að lágmarka eins og unnt er jarðrask og átroðning af völdum ferðamanna. Stefnt er að því að dreifa álagi með fjölgun leiða um svæðið og skipuleggja almenna uppbyggingu. Þannig verður þjónusta við ferðamenn bætt verulega og starfsemi og samgöngukerfi verða betur í stakk búin til að taka við fjölgun ferðamanna á svæðinu. Samhliða þessu munu skapast ný atvinnutækifæri í sveitarfélaginu.

5.2 MAT Á ÁHRIFUM SKIPULAGSINS

Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 hafa að megin markmiði að stuðla að sjálfbærri þróun og því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Samkvæmt þeim skulu umhverfisþættir metnir, í tilteknum skipulags- og framkvæmdaáætlunum stjórnvalda, sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið. Eftirfarandi eru umhverfisþættir sem tekið er tillit til við mat á þeim kostum sem settir eru fram í deiliskipulagstillögum og taldir eru geta orðið fyrir verulegum áhrifum af þeim framkvæmdum sem þar eru settar fram. Áhrif deiliskipulagstillaganna eru metin á eftirfarandi þætti:

- Samfélag og byggð
- Náttúrfar og landslag
- Heilsu og öryggi
- Minjar

Skoðað er hvort sú stefna sem sett er fram hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á þessa umhverfisþætti samanborið við núverandi ástand, þ.e. núll kost.

5.3 UMHVERFISVIÐMIÐ

Með hugtakinu umhverfisviðmið er átt við mælikvarða á umhverfisáhrif af tiltekinni stefnu. Valin stefnumið eru borin saman, m.a. til að geta tekið afstöðu til þess hvort þau sé talin hafa æskileg eða óæskileg áhrif og hvort þau séu veruleg eða óveruleg. Hér er meginviðmiðið að meta umhverfisáhrif gagnvart stefnu stjórnvalda á landsvísi um sjálfbæra þróun eins og hún hefur verið sett fram í stefnu ríkisstjórnarinnar „*Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi*“¹⁷ sem er stefnumörkun um sjálfbæra þróun og var samþykkt í ríkisstjórn árið 2002. Í ritinu (áherslur 2010-2013) kemur fram endurskoðuð stefnumörkun stjórnvalda og þar er markmiðum og leiðum að þeim lýst varðandi:

- Heilbrigt og öruggt umhverfi.
- Vernd náttúru Íslands.
- Sjálfbæra nýtingu auðlinda.
- Hnattræn viðfangsefni.

Forsendur við mat umhverfisáhrifa byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

¹⁷ (Umhverfisráðuneytið, án ártals).

5.4 SAMANBURÐUR VALKOSTA

Skoðað er hvort stefna deiliskipulagsins hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á ofantalda umhverfispætti borið saman við núverandi ástand, þ.e. núll kost. Þeir kostir sem bornir eru saman eru eftirtaldir:

0 kostur – óbreytt staða.

Engin göngubrú, þjónustusvæði í Þórsmörk eru fullbyggð, aðkoma ökutækja verður um Þórsmörkurveg, upplýsingaveita og samgöngunet með þeim hætti sem nú er.

Kostur A - Felur í sér allnokkra uppbyggingu á svæðinu.

Í meginráttum er fylgt stefnumörkun í svæðisskipulagi miðhálandisins.

Gert er ráð fyrir göngubrú yfir Markarfljót yfir í Húsadal og heilsársvegi úr Fljótshlíð að göngubrúnni. Áætluð er talsverð uppbygging í Húsadal og Básam í samræmi við Svæðisskipulag Miðhálandis Íslands 2015.

Ekki er gert ráð fyrir verulegri uppbyggingu í Langadal og Slyppugili umfram það sem nú er.

Gerður verður heilsársvegur inn að Gígjökli en þaðan mun áfram verða gert ráð fyrir óbrúðuðum ám og að færð sé háð veðri. Einungis upplýsingar og salernisaðstaða byggð upp við Gígjökul.

Stígar verði almennt bættir og aukin fjölbreytni í leiðum s.s. boðið upp á sérstakar reið- og hjólréiðaleiðir. Áhersla á að fjölga göngubrúum yfir Krossá og á gönguleið með Þórsmörkurvegi.

Kostur B - Felur í sér fjölþætta uppbyggingu á svæðinu.

Miðað er við allmikla uppbyggingu og þjónustu í samræmi við niðurstöðu Rammaskipulags:

Gert er ráð fyrir göngubrú yfir Markarfljót yfir í Húsadal, heilsársvegi úr Fljótshlíð að göngubrú.

Áætluð er veruleg uppbygging í Húsadal, beggja vegna Markarfljóts. Þar er m.a. gert ráð fyrir þjónustumiðstöð við norðurenda göngubrúar. Auk þess er reiknað með talsverðri uppbyggingu í Básam.

Gert er ráð fyrir lítilli uppbyggingu í Langadal og Slyppugili, umfram það sem nú er.

Gerður verður heilsársvegur að Gígjökli en þaðan mun áfram vera gert ráð fyrir torleiði með óbrúðuðum ám.

Talsverð uppbygging við Gígjökul, dagdvalarhús og jafnvel gisting í samræmi við skilgreiningu á fjallaseli.

Stígar verði almennt bættir og aukin fjölbreytni í leiðum s.s. boðið upp á sérstakar reið- og hjólréiðaleiðir. Áhersla á að fjölga göngubrúum yfir Krossá og á gönguleið með Þórsmörkurvegi.

Þessir valkostir eru bornir saman í töflu á næstu síðu.

VALKOSTIR	Samfélag og byggð	Náttúra og landslag	Heilsa og öryggi	Minjar
0 - kostur	Óbreytt þjónusta við ferðamenn.	Erfitt aðgengi takmarkar fjölda ferðamanna / minna álag á náttúru.	Óbreytt öryggi ferðamanna.	Minjar líklega ekki í hættu.
	Aðgengi erfitt, ekki aðgengi fyrir alla. Rekstargrundvöllur nær eingöngu yfir sumartímann. Skilgreiningar stígakerfa ekki alltaf ljósar og merkingar ekki í samræmi.	Unnið er að úrbótum á stígum.	Krossá hættuleg og aðrar ár oft viðsjárverðar. „Langt“ í þjónustu s.s. heilsugæslu.	
A. Aukin uppbygging	Bætt aðgengi fjölgar ferðamönnum. Ný atvinnutækifæri í ferðaþjónustu, í Þórsmörk og í Fljótshlíð/Hvolsvelli. Bætt aðstaða fyrir ferðamenn / ferðamannatíminn lengist. Styrkir rekstrargrundvöll, sérstaklega í Húsadal.	Gott skipulag og uppbygging mannvirkja eykur álagspól. Aukin fræðsla og samræmdar merkingar stuðla að bættri umgengni.	Aukin viðvera / bætt öryggi. Auðveldar aðgengi að þjónustu (heilsugæslu og verslun). Dregur úr akstri yfir Krossá.	Fjölgun ferðamanna eykur álag.
	Aukið eftirlit og upplýsingar – þar með aukin kostnaður.	Sjónræn áhrif af göngu-brú og frekari uppbyggingu ekki ljós.	Aukinn fjöldi veldur mögulega hættu á slysum.	
		Fjölgun ferðamanna eykur álag.	Umferð verður áfram yfir vatnsföll í einhverjum mæli.	
B. Verulega aukin uppbygging, Húsadalur miðstöðvasvæði.	Bætt aðgengi og fjölgar ferðamönnum. Ný atvinnutækifæri í ferðaþjónustu, í Þórsmörk og í Fljótshlíð/Hvolsvelli. Bætt aðstaða fyrir ferðamenn / ferðamannatíminn lengist. Miðstöð nýtist til þjónustu/upplýsingamiðlunar fyrir Tindfjallasvæðið og Fjallabak syðra, auk Þórsmörkur. Styrkir rekstrargrundvöll, sérstaklega í Húsadal.	Miðstöð nýtist til þjónustu/upplýsingamiðlunar fyrir Tindfjallasvæðið og Fjallabak syðra, auk Þórsmörkur. Aukin fræðsla og samræmdar merkingar stuðla að bættri meðvitund og umgengni ferðamanna.	Aukin viðvera / bætt öryggi. Auðveldar aðgengi í þjónustu (heilsugæslu og verslun). Dregur úr akstri yfir Krossá. Bætt þjónusta /meiri upplýsingar nær ferðamanninum stuðlar að meira öryggi.	Fjölgun ferðamanna eykur álag.
	Mikil uppbygging í Húsadal nýtir ver þá ferðaþjónustu sem fyrir er í Fljótshlíð og á Hvolsvelli.	Sjónræn áhrif af göngu-brú og frekari uppbyggingu ekki ljós.	Aukinn fjöldi veldur mögulega hættu á slysum.	
		Fjölgun ferðamanna eykur álag.	Umferð verður áfram yfir vatnsföll í einhverjum mæli.	

- + Stefna skipulags hefur jákvæð áhrif.
- 0 Stefna skipulags hefur óveruleg áhrif
- Stefna skipulags hefur neikvæð áhrif
- ? Stefna skipulags hefur óviss áhrif

5.5 NIÐURSTAÐA

Núll kostur, eða óbreytt ástand, mun áfram takmarka aðgengi að Þórsmörk og svæðið hefur til þessa almennt ekki verið talið ofsetið ferðamönnum. Því má segja að takmarkað aðgengi hafi verndað Þórsmörk. Það hefur komið niður á öryggi ferðamanna, mörg slæm slys hafa orðið í vatnsföllum og því er nauðsynlegt að reyna að bæta aðgengi frá því sem nú er.

Veigamesta breytingin í Þórsmörk er fyrirhuguð göngubrá yfir Markarfljót, yfir í Húsadal, sem er sameiginleg í valkostum A og B. Ný göngubrá yfir Markarfljót og heilsárs vegur frá Fljótshlíðarvegi að göngubrúnni mun bæta aðgengi að Þórsmörk verulega. Gera má ráð fyrir stórauðinni umferð ferðamanna í Þórsmörk, sérstaklega í Húsadal en einnig verður Langidalur og Slyppugil í þægilegri göngu-fjarlægð. Þá mun ferðamannatími lengjast og væntanlega verða þjónusta árið um kring, a.m.k. í Húsadal. Þar sem göngubrá er alla jafna á Krossá, sunnan Langadals og jafnvel einnig við Stóra-Enda, er fremur auðvelt að ganga úr Langadal inn í Bása.

Með tilkomu göngubrúar mun öryggi ferðamanna batna þar sem ekki er nauðsynlegt að aka yfir óbrúaðar jökulár, auk þess sem ferðatími að þjónustu á Hvolsvelli, s.s. lögreglu og heilsugæslu, styttest verulega, sérstaklega úr Húsadal.

Bætt aðgengi gerir dagsferðir í Þórsmörk auðveldari og getur styrkt verulega grundvöll ferðaþjónustu í héraðinu. Æskilegt er að koma upp öflugri þjónustumiðstöð á Þórsmörkumsvæðinu. Sú miðstöð myndi þjóna stærra svæði og efla fræðslu og upplýsingar til ferðamanna. Í samanburði valkosta kemur betur út að vera með miðstöð (sbr. valkost B) en ekki (sbr. valkost A). Bygging þjónustumiðstöðvar á Þórsmörkumsvæðinu kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Fjölgun ferðamanna kallar á aukið eftirlit og viðveru á svæðinu, jafnvel árið um kring. Þá þarf að skoða vel nýtingu tæknimöguleika til að bæta öryggi ferðamanna á svæðinu sem og bætta upplýsingagjöf. Ljóst er að þessu fylgir verulegur kostnaður.

Samræma þarf betur merkingar s.s. útlit og gerð skilta, með það að markmiði að dreifa fólki betur um svæðið. Einnig þarf að gera betur grein fyrir menningar- og náttúruminum.

Svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015 var í gildi og núverandi landsskipulagsstefna 2015-2026 dregur dóm þess og því ekki þörf á endurgerð valkostagreininga. Jafnvel þó valkostur B komi betur út í samanburði valkosta, þá er á þessu stigi, ekki raunhæft að stefna að breytingum, sem ekki eru í samræmi við gildandi svæðisskipulag miðhálandisins. Mikilvægt er að unnið sé að skipulagi í samræmi við fyrirbyggjandi sýn viðkomandi sveitarfélaga á Suðurlandinu.

Það er því niðurstaða sveitastjórnar á þessu stigi að marka stefnu miðað við valkost A.

6 STEFNUMÖRKUN

6.1 FERÐAÞJÓNUSTA

Á grunni framangreindrar niðurstöðu er unnið deiliskipulag fyrir einstök svæði í Þórsmörk. Á skýringarmynd með stefnumörkun má sjá innbyrðis afstöðu milli svæða og meginleiðir en þær ekki afmarkaðar nákvæmlega.

6.1.1 Húsadalur

Þjónustusvæðið Húsadalur er á grónum aurum Markarfljóts framan við hinn eiginlega Húsadal. Svæðið er varið fyrir ágangi Markarfljóts með varnargarði. Í Húsadal hefur verið byggð upp þjónusta fyrir ferðamenn og er áætlað að efla þá starfsemi enn frekar. Skilgreinar eru lóðir undir núverandi rekstur og einnig er gert ráð fyrir nokkrum nýjum lóðum. Nýjar byggingar verði reistar í brekku eða brekkufæti og hluti eldri bygginga færast til innan svæðis. Er þetta gert til að byggingar falli sem best að landi og verði lítið áberandi. Útlit er fyrir að birki sæki á innan svæðisins en einnig er gert ráð fyrir að planta víðitegundum til skjóls og rýmismyndunar.

Á þessu stigi er gert ráð fyrir að svæðið verði skipulagt í samræmi við Landsskipulagsstefnu sem skálasvæði, í samræmi við kost A í umhverfisskýrslu.

6.1.2 Langidalur og Slyppugil

Svæðið í Slyppugili og Langadal er á sama deiliskipulagsupprætti þar sem þau liggja saman og er litið á þau sem eitt svæði.

Ekki er gert ráð fyrir verulegri uppbyggingu umfram þá starfsemi sem nú þegar er á svæðinu. Gert er ráð fyrir tjaldsvæðum í Langadal og Slyppugili.

6.1.3 Básar

Skilgreindar verða lóðir fyrir núverandi starfsemi, þ.á.m. fyrir tjaldsvæði, einnig er gert ráð fyrir nýjum lóðum fyrir þjónustuaðila í brekkufæti. Núverandi aðkoma að svæðinu verður óbreytt en gert er ráð fyrir að leiðin inn í Strákagil verði afmörkuð betur og færð aðeins sunnar.

6.1.4 Gígjökull

Aðkoma að svæðinu verður eftir núverandi Þórsmörkurvegi frá bænum Stóru-Mörk, en gert er ráð fyrir að færa veginn ofar/sunnar, nær væntanlegum áningarstað á vestari jökulgarðinum við Gígjökul. Áætlað er að vegurinn að fyrirhuguðu bílastæði við Gígjökul verði heilsársvegur og er hann skilgreindur sem tengivegur í aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Gert er ráð fyrir að hægt sé að leggja bílum á jökulgarðinum meðan gengið er að Gígjökli eða annað innan Þórsmörkursvæðisins. Svæðið verður á þessu stigi skilgreint sem áningarstaður, þ.a. eingöngu er gert ráð fyrir litlu þjónustuhúsi þar sem m.a. verða veittar upplýsingar um svæðið og helstu leiðir um það.

6.2 SAMGÖNGUR

Meginleiðir (reið-, göngu- hjóla og akstursleiðir) er sýndar á upprætti og gert er ráð fyrir að þær verði stikaðar og haldið reglulega við. Nauðsynlegt er að sinna vel uppbyggingu og viðhaldi stíga, með hliðsjón af þeim ferðamáta sem þeim er ætlað að þjóna. Miðað er við að leiðir verði hnitsettar og að leiðarlýsing og GPS-ferlar séu aðgengilegir, t.d. á heimasíðum sveitarfélags og hjá þjónustuaðilum. Auk meginleiða eru fjölmargar styttri leiðir, sumar sýndar sem aðrar leiðir. Æskilegt er að aðskilja sem mest reiðhjóla- göngu- og reiðleiðir þar sem ólíkir ferðamátar geta valdið óþægindum og jafnvel árekstrum milli ólíkra hópa.

Þá eru vegir yfir vöð og á aurum sýndir en þeir kunna að breytast fyrirvaralaust með breyttum árfarvegum.

6.2.1 Vegir

Þórsmörkurvegur, nr. 249, liggur inn í Þórsmörk og er í dag einungis fær jeppum og stærri bílum. Helsti farartálminn á leiðinni inn í Þórsmörk eru ár, sumar hverjar mjög viðsjárverðar. Lögð er áhersla á bætt viðhald núverandi vega. Áhersla er á að akstur utan vega er óheimill nema í undantekningartilfellum sbr. náttúruverndarlög nr. 44/1999 og þau lög gilda einnig um áraura og lítt gróin svæði.

Gert er ráð fyrir heilsársvegi inn að Jökulsá við Gígjökul. Þaðan verður áfram fært öflugum/stærri jeppum og rútum inn að þjónustuvæðum í Básun, Langadal/Slyppugili og Húsadal.

Gert er ráð fyrir heilsársvegi inn að væntanlegri göngubru yfir Markarfljót, við Húsadal. Ætlað er að slík vegtenging muni draga úr bílaumferð inn í Þórsmörk um núverandi veg. Auk þess má gera ráð fyrir aukinni umferð ferðamanna í styttri ferðum inn í Mörk um nýja göngubru yfir Markarfljót.

6.2.2 Gönguleiðir

Gert er ráð fyrir nýrri göngubru yfir Markarfljót við Húsadal. Auk þess er lögð áhersla á göngubru yfir Krossá á móts við Langadal, a.m.k. yfir sumartímann, auk brúar við Húsadalsvað sunnan Merkurrana og við Stóraenda. Góðar göngubrýr munu fjölga til muna möguleikum á hringleiðum um svæðið.

6.2.3 Reiðleiðir

Gert verður ráð fyrir áningarhólfi fyrir hesta í Húsadal og Básam. Reiðleiðir eru sýndar á yfirlits-uppdraetti og gert ráð fyrir að þær verði hnitsettar og gerðar aðgengilegar á netinu. Gert er ráð fyrir að takmarka fjölda hesta í ferðum um hálendið, að jafnaði séu ekki fleiri en 2-4 hestar á hvern knapa og ekki fleiri en 50-80 hestar í ferð.

6.2.4 Hjólaleiðir

Hjólreiðar eru mikilvægur liður í sjálfbærri ferðamennsku og um áhugverðan markhóp er að ræða. Eftirspurn er eftir leiðum fyrir fjallahjól sem komast torfærar leiðir en slík hjól geta skemmt göngu-stíga séu þeir ekki byggðir upp með hjólreiðar í huga. Því er stefnt að því að skipuleggja sérstakar hjólaleiðir og merkja þær. Þetta er gert í anda sjálfbærrar ferðamennsku, til að svara eftirspurn, hlífa stígum sem ekki eru gerðir fyrir hjól og til að fyrirbyggja árekstra milli ólíkra hagsmunahópa s.s. hestamanna og hjólreiðamanna. Helstu hjólaleiðir eru sýndar á skýringaruppdraetti.

6.2.5 Flugsamgöngur

Í Húsadal er flugbraut sem tilgreind er í Aðalskipulagi Rangárpings eystra 2012-2024 (Of 603). Stefnt er að því að móta reglur fyrir flug um Þórsmarkursvæðið í samráði við hagsmunaaðila. Þær gætu m.a. tekið til hvenær dags má fljúga, flughæðar, hvort setja skuli bann yfir/við ákveðnar náttúruperlur og leiðir.

Samkvæmt núverandi reglum er óheimilt að fljúga undir 500 fetum, þ.e. um 150 m nema við flugtak eða lendingu.


6.3 UPPLÝSINGAGJÖF OG MERKINGAR

Mörkuð verður stefna um upplýsingagjöf og skilti og vegvísar samræmdir að gerð og útliti eftir því sem hægt er. Þetta er talið mikilvægt til þess að ferðamaður skynji heildarmynd svæðisins hverju sinni og einnig til að stuðla að því að merkingum sé haganlega komið fyrir í landinu. Þá þarf að bæta merkingar við ár. Lagt er til að allar merkingar verði samræmdar í samráði aðila, s.s. Skógræktar ríkisins, Kötlu jarðvangs og sveitarfélags.

6.4 MANNVIRKI

6.4.1 Byggingar

Innan hvers deiliskipulagssvæðis skal þess gætt að byggingar séu í samræmi hvað útlit og efnisnotkun varðar. Byggingar skulu falla sem best að landi, samhliða því að taka mið af nálægum byggingum. Stefnt skal að því að þær verði staðsettar sem mest þar sem þær hafa gott bakland af gróðri, fjöllum eða öðru landi þannig að þær verði sem minnst áberandi í landi. Að jafnaði skal miðað við að mænis-stefna sé samsíða hlíðum, þó þannig að tekið sé mið af nálægum byggingum.



Mynd 7. Dæmisnið úr deiliskipulagi fyrir hús í brekkufæti.

6.4.2 Lóðir

Í Rammaskipulagi Suðurlandshins er gert ráð fyrir að lóðir séu að jafnaði ekki stærri en 1 ha nema þar sem er plássfrek starfsemi, s.s. tjaldsvæði. Lóðum verður úthlutað til þjónustuaðila og þeirra sem annast eftirlit, fræðslu og upplýsingagjöf. Skilgreindar verða lóðir undir allar byggingar.

Gerður verður lóðaleigusamningur við alla aðila á svæðinu, þar sem kveðið verður á um réttindi og skyldur hvers aðila, fyrirhugaðan rekstur og aðrar kvaðir.

6.4.3 Varnargarðar

Nauðsynlegt er að verja land fyrir ágangi jökulvatna, í samræmi við lög um varnir gegn landbroti nr. 91/2002. Varnargarðar eru ekki skipulagsskyldir en veita skal framkvæmdaleyfi fyrir nýjum görðum. Gerð verður grein fyrir núverandi varnargörðum í deiliskipulagi og eru þeir sýndir á uppdráttum til skýringar.

6.4.4 Stígar / Brýr

Lögð er áhersla á að stígar verði gerðir með hliðsjón af þeim ferðamáta sem stefnt er að. Ganga þarf frá stígum þannig að ekki skapist hættu á landskemmdum vegna umferðar. Sérstaklega þarf að huga að svæðum þar sem gróður er viðkvæmur og þar sem hættu er á úrrennsli.

Gert er ráð fyrir nýrri göngubrú yfir Markarfljót, í Húsadal. Auk þess verður, yfir sumartímann, lögð áhersla á göngubrú yfir Krossá til móts við Langadal, auk brúa í Engidal og við Stóraenda en þær brýr munu bæta til muna möguleika á hringleiðum um svæðið, sérstaklega fyrir göngu- og hjólaþólk.

6.5 VEITUR

6.5.1 Fráveita

Gert er ráð fyrir að fráveita á hverjum stað verði leidd í sameiginlegt hreinsivirki eftir því sem við verður komið. Tryggja þarf aðgengi að rotþrómi til að auðvelda losun þeirra. Allur frágangur verði í samræmi við lög og reglugerðir og að tekið sé fullt tillit til þess að svæðið tilheyrir viðkvæmu verndar-svæði.

6.5.2 Vatnsveita

Vatnsból eru á hverju svæði og eru þau sýnd á deiliskipulagsuppdrætti. Í einhverjum tilfellum þarf að endurnýja eða finna ný vatnstökusvæði til að tryggja nægilegt vatn. Tryggt verður gott neysluvatn og það skoðað hvort nýtanlegur jarðhiti sé á svæðunum. Leigutökum ber að sjá til þess að neysluvatn uppfylli kröfur sem gerðar eru til vatnsbóla sem þjóna skuli starfsleyfisskyldum rekstri. Nýtanleg vatnsból verða sýnd í aðalskipulagi ásamt vatnsverndarsvæði þegar nægilega stór vatnsból hafa fundist.

6.5.3 Rafveita

Skálar í Húsadal eru tengdir rafveitu frá RARIK. Í öðrum skálum á svæðinu eru sólarcellur notaðar til rafhlýsingar eða þá að notast er við gasljós. Stefnt er að því að draga úr notkun rafstöðva með lagningu rafstrengs í Langadal og Bása, sem lagður verður með vegum/gönguleiðum eftir því sem mögulegt er. Lýsingu verði að jafnaði hagað þannig að lýsing verði lástemmd og ljósmengun sem minnst svo njóta megi myrkurs, norðurljósa og stjarna sem best.

6.6 SORP

Gert verður ráð fyrir sorpgámi/um innan hvers þjónustusvæðis, þar sem boðið verður upp á flokkun sorps eftir því sem við verður komið.

6.7 VÖKTUN

Í samræmi við athugasemdir frá Umhverfisstofnun um að huga skuli að vöktun svæðis mun sveitarstjórn beita sér fyrir vöktun í samvinnu við þar til bæra aðila s.s. Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins. Markmiðið er að fylgjast með fjölda á svæðinu og hvort sá fjöldi skaði umhverfi eða gróður. Séu vísbendingar um neikvæð áhrif verður gripið til mótvægisáðgerða í samráði við ofangreinda aðila, s.s. að takmarka fjölda ferðamanna verði ekki hægt að vinna gegn neikvæðum áhrifum með öðru móti.

Stefnt verður að því, í samvinnu við Hálskóla Íslandi/Ferðamálastofu, að meta hvaða áhrif ný göngubrá, hefur á umferð um svæðið.

7 BREYTINGAR AÐ LOKINNI AUGLÝSINGU

Tillagan var auglýst í mars/apríl 2015 og var tillögu breytt að hluta og athugasemdum svarað. Breytt tillaga var auglýst í lok árs 2016 og var hægt að gera athugasemdir til 9 janúar 2017.

Engar athugasemdir voru gerðar en umsagnir bárust frá allnokkurm aðilum. Fjallað var um athugasemdir hjá sveitarstjórn í júní/júlí 2017, brugðist við hluta þeirra sbr. bókun skipulagsnefndar 20 júní 2017.

Gerð er grein fyrir breytingum á uppdráttum og texta uppdrátta.

Í greinargerð stefnumörkunar var brugðist við umsögnum sem snerust að nýrri landsskipulagsstefnu

8 HEIMILDASKRÁ

- Böðvar Guðmundsson. (án ártals). *Þórsmörk: Héraðsnefnd Rangæinga*.
- Erlendur Þórðarsson. (1920). Yfirlýsing eigenda um beitirétt í Þórsmörk. Fljótshlíðarhreppur.
- Eva Dís Þórðardóttir, & Gísli Rafn Guðmundsson. (2014). *Hjólaleiðir á Íslandi*. Reykjavík. Sótt af: http://www.ferdamalastofa.is/static/research/files/hjolaleidir_a_islandi.pdf
- Garðar Jónsson, & Sigurður Blöndal. (1975). *Greinargerð um Þórsmörk dags. 11/9 1975*.
- Gestur Guðfinnsson. (1972). Þórsmörk. Í Eypór Einarsson, Haraldur Sigurðsson, & Páll Jónsson (ritstj.), *Árbók 1972 Rangárvallasýsla austan Markarfljóts* (Bls. 97–174). Ferðafélag Íslands.
- Guðrún Jóhannesdóttir. (2011). *Hættumat fyrir Rangárvalla og V-Skaftafellssýslu*.
- Guðrún Sveinbjarnardóttir. (1982). Byggðaleifar á Þórsmörk. Í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags*. 79. árg. (Bls. 20–61). Sótt af: http://timarit.is/view_page_init.jsp?gegnirId=000528190
- Hagstofa Íslands. (2013). *Fjöldi gistinátta 1998-2012*.
- Hákon Bjarnason. (1961). *Þórsmörk ýmsar heimildir*.
- Héraðsdómur suðurlands. (2007). Dómar héraðsdóms Suðurlands nr. E491/2007, E493/2007, E494/2007, E495/2007. Sótt af: <http://www.domstolar.is/sudurland/domar/?npage=51>
- Hreinn Óskarsson. (án ártals a). *Viðhald gönguleiða á Þórsmörk og Goðalandi*.
- Hreinn Óskarsson. (án ártals b). Þjóðskógarnir - Suðurland - Þórsmörk. Sótt: 22 ágúst 22, 2013, af: <http://www.skogur.is/thjodskogarnir/sudurland/nr/7>
- Hæstiréttur. (2007). Dómar Hæstaréttar nr. 22/2007, 23/2007, 27/2007, 28/2007. Sótt af: <http://www.haestirettur.is/control/index?pid=330>
- Oddný Þóra Óladóttir. (2012). *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum , Apríl 2012*.
- Rangárþing eystra, & Teiknistofa Arkitekta - Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. (2014). *Aðalskipulag Rangárþings eystra 2012-2024. Stefna og skipulagsákvæði - Tillaga í júní 2014*.
- Rögnvaldur Guðmundsson. (2012). *Ferðamenn í Rangárþingi eystra 2012 og samanburður við fyrri ár*.
- Steinsholt sf. (2014). *Suðurhálendið - Rammaskipulag* (86 bls).
- Umhverfisráðuneytið. (án ártals). *Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020*. (82 bls). Sótt af: http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Velferd_til_framtidar_2002.pdf
- Umhverfisstofnun. (án ártals). Nátturuminjaskrá Suðurlands. *Umhverfisstofnun*. Sótt: 24. okt. 2013, af: <http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/natturuminjaskra/sudurland/>
- Þórður Tómasson. (2012). *Þórsmörk - vinin í skjóli jökla* (Bls. 128, 145). Reykjavík: Sögur ehf í samstarfi við Nýhöfn.
- Þröstur Eysteinnsson. (2008). Saga Skógræktar ríkisins. *Skógrækt ríkisins*. Sótt 13. feb. 2014, af: <http://www.skogur.is/um-skograekt-rikisins/saga/>